

Kópavogsbær
Smári Smáráson
skipulagsstjóri Kópavogsbæjar
Fannborg 6
200 KÓPAVOGUR

Reykjavík, 31. maí 2010
2010050010/42-0
TB
jgo/tb

Bláfjöll skíðasvæði, deiliskipulag, umsögn

Vísað er til bréfs frá bæjarskipulagi Kópavogs, dags. 3. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn. Stofnunin hefur ekki haft tækifæri til að fara í vettvangsferð um svæðið til að skoða fyrirhugaðar breytingar en oft er það þannig að með skoðun á vettvangi í samvinnu við deiliskipulagshöfunda má færa ýmislegt til betri vegar. Gera verður ráð fyrir að það verði gert með fulltrúum Umhverfisstofnunar sem er leyfisveitandi og eftirlitsaðili á svæðinu sbr. auglýsingu nr., 173/1985 og lög um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun tók saman, árið 2003, stutt yfirlit yfir jarðfræði og gróður á svæðinu annars vegar að ósk Orion-ráðgjafar og hins vegar VSO-Ráðgjöf, sjá meðfylgjandi gögn, en þar koma fram helstu áhyggjur stofnunarinnar við framkvæmdir á svæðinu. Það vekur athygli að þessara gagna er ekki getið í heimildaskrá en samt vísað til gróðursamantektar á einum stað en víða má hins vegar finna textabrot úr samantektunum.

Í breyttu deiliskipulagi nú bætast við 12 atriði, sem ekki hefur verið fjallað um áður, vegna nýrra byggingarreita, snjóveitu og landmótunar vegna skíðagönguhrings svo eitthvað sé nefnt. Fram kemur í fyrri athugasemdum Náttúrufræðistofnunar að ekki hefur verið gerð úttekt á plöntutegundum og útbreiðslu þeirra á svæðinu og því t.d. erfitt að segja til um hvort t.d. tegundir á valista verði fyrir áhrifum vegna einhverra framkvæmda. Einnig kemur óljóst fram hver verða áhrif á helluhraun t.d. vegna lagningu göngubrauta og snjóveitu þó það komi fram að þau verði nokkur. Því er þó slegið fram að ekki sé hægt að leggja göngubrautina annarsstaðar. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að standa þurfi vel að allri landmótun og frágangi og gerði það einnig í fyrri samantektum og á það enn við.

Skíðasvæðið í Bláfjöllum hefur verið notað svo árum skiptir og vafalaust er hægt að auka nýtni þess ef það er gert á réttan hátt bæði hvað varðar mögulega mengun vegna snjóveitu eða aukinnar aðsóknar (bílaumferð o.s.frv.) og/eða vegna nýrrar landmótunar. Það er hins vegar



lágmarkskrafa að mannvirki og skíðasvæði taki mið af því að vernda náttúru svæðisins eins og nokkur kostur er enda skíðasvæði á friðlýstu svæði. Til dæmis virðist það vera aðalatriði að öll skíðafélög þurfi sinn skála hvert frekar en að vera með samnýtingu á einum skála?

Framkvæmdirnar í heild þarf að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort þær eru matsskyldar eða ekki eins og kemur fram í innsendum gögnum. Náttúrufræðistofnun ítrekar að eðlilegt er að skoða svæðið á vettvangi bæði vegna gróðurs og jarðfræði svo finna megi bestu lausnir við allar framkvæmdir.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson

forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Náttúrufræðistofnun Íslands samantekt: Skíðasvæðið í Bláfjöllum, Athugun á jarðminjum í júní 2003 (HeTo 08/2003; Bréf frá Náttúrufræðistofnun dags. 4. júní 2003, Gróðurfar (gróðurkort) á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við skíðasvæðin í Bláfjöllum

